


SJÓVÁ-ALMENNAR TRYGGINGAR HF.

UFS EINKUNN **80 / B1** GAGNAGÆÐI: **1**


UFS NIÐURSTÖÐUR

NIÐURSTÖÐUR	Vægi	Stig	Einkunn
Heildareinkunn	100%	80	B1
Umhverfisþættir	12%	86	A3
E.1 Umhverfisstjórnun og vishagkvæmni	8.5%	85	B1
E.2 Yfirsýn yfir umhverfisstjórnun	3.5%	90	A3
Félagsþættir	25.5%	96	A2
S.1 Mannauður	20.5%	99	A1
S.2 Orðspor, viðskiptaánægja og tengsl við samfélagið	5%	85	B1
Stjórnarþættir	62.5%	72	B2
G.1 Almennir stjórnarþættir	10%	94	A2
G.2 Starfshættir og virðisæðjan	22.5%	81	B1
G.3 Vörur og þjónusta	30%	58	C1

UFS EINKUNN



UFS EINKUNNADREIFING



STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Sjóvá nær áfram góðum árangri í UFS mati Reitunar og endar með 80 punkta í flokki B1. Sjóvá starfar eftir nýrri sjálfbærnistefnu og heyrir sjálfbærnimálaflokkurinn undir skrifstofu forstjóra. Aðkoma stjórnar og stjórnenda að sjálfbærnimálum er áfram metin virk og starfandi er sjálfbærninefnd sem forstjóri, ásamt starfsfólki þvert á félagið, situr í. Félagið gerðist aðili að UN Global Compact árið 2024 og skilaði fyrstu framvinduskýrslu sinni árið 2025. Helstu áskoranir tryggingarfélaga í umhverfismálum snúa að tjónamálum en þau hafa einnig mikla möguleika til að hafa áhrif í gegnum öflugar forvarnir. Sjóvá gerir þar vel og liður í þeirri vegferð er rík áhersla á að stuðla að ábyrgri endurnýtingu tjónamuna, hvatning til viðskiptavina um umhverfissvænni kosti við úrvinnslu tjóna og fjölbreyttar forvarnaraðgerðir. Félagið hefur nýtt Innsýn, stafræna lausn, til þess að auka forvarnarstarf fyrir tryggingataka. Þá hefur notkun Innsýnar sparað félaginu yfir 100 þúsund kílómetra í akstri. Ekki er framkvæmt formlegt sjálfbærniáhættumat við tryggingatöku hjá Sjóvá, en framkvæmt er áhættumat á fyrirtækjum í viðskiptum, þar sem breytur líkt og forvarnarstarf, öryggismenning og stjórnarþættir eru teknar með í áhættumatið. Umhverfisáhrif- og áhætta frá eigin rekstri Sjóvá er litil miðað við áhrif frá eigna- og tryggingarsafni en Sjóvá heldur utan um áhrif frá eigin rekstri og hefur náð þar árangri. Sjóvá hefur reiknað kolefnisspor eignasafnsins síns með aðferðafræði PCAF en hefur ekki reiknað losun frá tryggingasafni sínu en hingað til hefur ekkert íslenskt tryggingarfélag gert það. Sjóvá gerir áhættumat m.t.t. loftslagsbreytinga sem er hluti af áhættustýringarkerfi félagsins og er aðkoma stjórnar og stjórnenda að loftslagstengdum málefnum virk.

Sjóvá heldur áfram að huga framúrskarandi vel að mannauði og styður há starfsánægja til lengri tíma og hár starfsaldur það mat. Þá er vel hugað að aðbúnaði starfsfólks og ferlar til staðar sem styðja við jafnvægi vinnu og einkalífs. Jafnréttis- og heilsumál eru einnig í góðum farvegi hjá félaginu og eru kynjahlutföll í heild sinni og í efra starfsmannalagi hjá Sjóvá góð. Sjóvá vinnur markvisst að því að bæta þjónustu við viðskiptavinum og hefur t.a.m. verið hæst í Ánægjuvuginni níu ár í röð. Upplýsingaöryggi er áhættuþáttur í starfseminni og starfa váttryggingafélag á Íslandi undir stífu regluverki og eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Sjóvá er með ISO 27001 vottun um upplýsingaöryggi. Félagið hefur mótað siðareglur birgja og hefur meirihluti stórra birgja staðfest siðareglur. Félagið framkvæmir ekki formlegt birgjamat sem nær til sjálfbærniþátta en hefur komið á kerfisbundnu verklagi til að meta frammistöðu verktaka og verkstæða sem kemur m.a. inn á umhverfismál. Ábyrg eignastýring er einn af mikilvægum þáttum í tryggingastarfsemi og er hægt að hafa mikil áhrif í gegnum eignasöfnin en félagið hefur m.a. beitt sér á hluthafafundum. Sjóvá starfar eftir nýrri stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem tók gildi í janúar 2026. Félagið hefur fjárfest í ýmsum fyrirtækjum sem styðja við orkuskipti og hafa jákvæð áhrif á samfélagið en formlegir ferlar fyrir UFS mál hafa ekki verið innleiddir. Sjóvá heldur áfram að sinna sjálfbærnimálum félagsins vel.

SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. er fyrir ofan meðaltal í umhverfis- og félagsþáttum, en í stjórnarþáttum er félagið jafnt meðaltali í samanburði við aðra innlenda útgefendur sem hafa farið í gegnum UFS mat hjá Reitun, en þau eru um 45 talsins. Meðaltal markaðarins sýnir heildareinkunn sem er nú 73 stig af 100 mögulegum, flokkur B2.

Fyrirvarar

UFS-mat Reitunar byggir á þeim gögnum og upplýsingum sem lágu fyrir og voru aðgengilegar við gerð matsins, þar á meðal gögnum og skýringum frá því félagi sem verið er að meta, opinberum upplýsingum og öðrum heimildum sem Reitun telur traustar. Almennt er gengið út frá því að framlagðar upplýsingar séu réttar, nema annað leiði af eðli máls eða sé sérstaklega tekið fram.

Hafi Reitun fengið afhent afrit skjala er gengið út frá því að þau séu í samræmi við frumrit og að undirritanir og skuldbindingar séu gildar. Reitun hefur þó ekki, nema þess sé sérstaklega getið, sjálfstætt sannreynt með tæmandi hætti öll undirliggjandi gögn, skjöl, undirritanir eða aðrar forsendur sem matið byggir á.

Niðurstöður, ályktanir og annað efni matsins endurspeglar mat Reitunar miðað við þær upplýsingar og forsendur sem lágu fyrir á útgáfudegi. Forsendur matsins geta breyst án fyrirvara, meðal annars vegna nýrra upplýsinga, breyttra aðstæðna eða þróunar í viðmiðum, aðferðafræði eða regluumhverfi. UFS-mat Reitunar felur ekki í sér staðfestingu, vottun eða áreiðanleikakönnun á öllum þeim upplýsingum sem það byggir á. Reitun ábyrgist hvorki áreiðanleika né nákvæmni þeirra upplýsinga sem stuðst er við.

Í þeim tilvikum þegar unnið er einfaldara eða afmarkaðra UFS mat kann umfang gagnaöflunar, yfirferðar og sannprófunar að vera minna en ella, sem getur leitt til aukinnar óvissu í niðurstöðum. Reitun ber ekki ábyrgð á því að uppfæra, endurskoða eða endurútgefa matið eftir útgáfudag, komi fram nýjar upplýsingar eða breytist forsendur þess, nema sérstaklega hafi verið samið um annað. Reitun áskilur sér þó rétt til að gera breytingar eða leiðréttingar á útgefnu efni telji Reitun tilefni til.

UFS mat Reitunar er eingöngu ætlað í upplýsingaskyni. Það felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né tilboð, hvatningu eða tilmæli um viðskipti með fjármálagerninga eða aðrar ráðstafanir. Aðilar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga áður en fjárfest er í fjármálagerningum á grundvelli UFS einkunna.

Reitun ber enga ábyrgð á ákvörðunum, ráðstöfunum eða viðskiptum sem teknar eru á grundvelli efnis UFS mats Reitunar, né á tjóni, beinu eða óbeinu, sem kann að hljóta af notkun þess eða dreifingu, nema ábyrgð verði lögum samkvæmt ekki undanskilin.

Reitun, stjórnendur þess, starfsfólk, stjórnarmenn eða tengdir aðilar kunna, eftir atvikum, að hafa hagsmuna að gæta í tengslum við þau félög eða viðfangsefni sem matið tekur til, þar á meðal vegna eignatengsla, ráðgjafarstarfa, annarrar þjónustu eða viðskiptasambanda. Jafnframt kann að koma til þess að félag sem sætt hefur mati greiði Reitun fyrir matsþjónustuna. Slík atvik breyta þó ekki þeirri meginreglu að matið sé unnið á sjálfstæðum faglegum grunni.

Allur höfundarréttur og annar hugverkaréttur að UFS mati og efni þess er áskilinn Reitun, eftir því sem lög heimila. Óheimilt er að afrita, birta, dreifa eða nýta efni matsins, í heild eða að hluta, án fyrirframfengins skriflegs samþykkis Reitunar, nema lög mæli skýrt fyrir um annað. Án slíks samþykkis er jafnframt með öllu óheimilt að nota efni Reitunar, þar á meðal UFS mat, greiningar, niðurstöður, texta, gögn, framsetningu, aðferðarfræði eða annað efni sem af því leiðir, í hvers kyns gervigreindartólum, mállíkönnum, vélrænum lærdómslausnum, sjálfvirkum greiningarkerfum eða öðrum sambærilegum tæknilausnum, hvort sem slík notkun fer fram í þágu þjálfunar, finnstillingar, vinnslu, greiningar, samantektar, efnisgerðar, afleiddrar vinnslu eða annarrar sjálfvirkar eða hálf sjálfvirkar notkunar. Brot gegn framangreindu telst óheimil nýting á efni Reitunar og áskilur Reitun sér allan rétt til að leita viðeigandi úrræða samkvæmt lögum.